

Tillaga að skólaskipan á Völlum og í Skarðshlíð

Til að mæta þörfum vaxandi byggðar á Völlum og nýrrar byggðar í Skarðshlíð er lagt til að skólaskipan á svæðinu verði með neðangreindum hætti:

1. Heilsuleikskólinn að Hamravöllum stækkar úr fimm deildum í sjö, þannig að rými skapast fyrir fjörutíu börn til viðbótar þeim fjölda sem nú er í skólanum.
2. Hafinn verði undirbúningur að byggingu 5 deilda leikskóla við Bjarkarvelli á næsta ári, á þeim grunni sem þar er fyrir (um 100 m.kr. þar þegar fjárfest á núvirði). Þar verða til um 120 leikskóapláss. Á móti verða losaðar lausar kennslustofur við Hraunvallaskóla þar sem nú eru 50 leikskólabörn og húsnæðið nýtt fyrir grunnskólann til að mæta fjölgun nemenda þar.
3. Undirbúin verði bygging nýs grunnskóla fyrir yngsta- og miðstigi (1. – 7. bekk) við Hádegisskarð (áður Liljuvellir), sem þjóni Skarðshlíð og hluta Valla (5 og 6). Þegar er gert ráð fyrir slíkri skólabyggingu í skipulagi. Unglingar fari í Hraunvallaskóla sem verði safnskóli á unglingastigi fyrir allt Vallasvæðið, en dregið verði úr yngsta- og miðstigi þar. Stærð og áfangaskipting hins nýja skóla ræðst af uppbyggingu í hinu nýja hverfi og til að byrja með verði hann útibú frá Hraunvallaskóla.

Skýringar:

Rætt hefur verið við forsvarsmenn Skóla ehf. sem reka leikskólann Hamravelli og er samkomulagsgrunnur fyrir ofangreindri stækkun leikskólans. Stækkun verður með flutningi tveggja lausra stofa sem nú eru við leikskólann Hvamm. Elsti árgangur leikskólans er í húsunum í dag og útskrifast þau börn því öll í vor. Því þarf ekki að flytja nein börn annað vegna færslu húsanna

Í Hvammi hafa verið allmörg börn af Völlum en með auknu framboði leiksólapláss þar má mæta þeirri eftirspurn innan hverfis. Að öðru leyti má leysa úr þörfum í leikskólanum í Engidal.

Framhaldið gæti verið eftirfarandi þegar fræðsluráð hefur fjallað um málið:

- Málið tekið upp í skólasamfélaginu á Völlum og leitað eftir sjónarmiðum. Mikilvægt er m.a. að láta reyna á það hvort samstaða geti orðið um að Hraunvallaskóli verði safnskóli en nýr skóli (og etv. fleiri síðar) verði fyrir yngsta- og miðstig.
- Haldinn verði íbúandur þar sem tillögur eru kynntar og leitað eftir sjónarmiðum.
- Tillögurnar teknar fyrir í fræðsluráði á ný til afgreiðslu og þeim síðan fylgt eftir í bæjarkerfinu að öðru leyti.